

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Snæfellsbæ.

Breyting deiliskipulags á Arnarstapa.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar 14. nóvember 2024, breytingu á deiliskipulag á Arnarstapa. Um er að ræða deiliskipulag vegna frístundabyggðar F-4 og F-5 á Arnarstapa. Breytingin er í samræmi við aðalskipulag. Á frístundasvæðinu eru alls 36 lóðir og er nú leyfilegt brúttóbyggingarmagn á lóð allt að 140 fermetrar án tillits til stærðar lóðar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast það þegar gildi.

Snæfellsbæ, 20. desember 2024.

Hildigunnur Haraldsdóttir, arkitekt faí, skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 9. janúar 2025